



Hringbraut 121 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 14. júlí 2023, ásamt bréfi, dags. 14. júlí 2023, um hvort breytingar á JL húsinu á lóð nr. 121 við Hringbraut sem fela í sér að innrétta 2. og 3. hæð sem gistiskála eða farfuglaheimili (hostel), rétt eins og 4. og 5. hæð eru í dag ásamt því að innrétta jarðhæð sem þjónustumiðstöð, kaffihús, aðstöðu fyrir börn og kennslustofur, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 21. júlí 2023, séu í samræmi við gildandi deiliskipulag.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Hringbraut 121 borgarhluta 1 Vesturbær og er hluti af verslunar og þjónustusvæði VÞ1.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hringbraut 121/Lýsisreitinn, samþykkt í borgarráði 15. febrúar 2007 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 121 við Hringbraut er atvinnuhúsnæði en í dag er til starfrækt á annarri og þriðju hæð hússins Myndlistaskóli Reykjavíkur, fjórða og fimmta hæð hússins er innréttaðar og nýttar sem farfuglaheimili. Jarðhæð hússins stendur tóm sem stendur en þar var áður rekið kaffihús, bar, píla og veitingastaður.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á hvort fyrirhugaðar breytingar innanhúss séu í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir húsið en til stendur að nýta húsið undir tímabundið aðsetur fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Breytingarnar sem farið verður í eru þær að innrétta aðra og þriðju hæð hússins sem farfuglaheimili eins og er núþegar á fjórðu og fimmtu hæð sem og að innrétta jarðhæð sem þjónustumiðstöð, kaffihús, aðstöðu fyrir börn og kennslustofur. Húsið yrði þá nýtt að fullu undir þjónustu við flóttafólk.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 tilheyrir JL húsið svæði VÞ1 en þar segir:

Hverfiskjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í

*deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga.
Sjá nánar kafla 5 í greinargerð aðalskipulags.*

Ekki er skilgreint sérstaklega um starfsemi eða nýtingu hússins í deiliskipulagi svæðisins.

Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í fyrirspurnina fyrir Hringbraut 121 varðandi breytingu á starfsemi innan byggingarinnar en húsið yrði að fullu nýtt undir þjónustu við flóttafólk/gistiheimili.
- Huga þarf að góðum sameiginlegum rýmum fyrir fólk til að koma saman, hvort sem það er eldhúsaðstaða, snyrtiaðstaða eða kaffiaðstaða hvers konar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Katrín Eir Kjartansdóttir, verkefnastjóri